

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7.11.2019
Málsnr:	1705360
Bréfal:	330



Hafnarfjarðarbær - Félagsþjónustan  
Rannveig Einarsdóttir  
Strandgötu 33  
220 Hafnarfirði

## HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8700 hrn@hrn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 18. janúar 2019  
Tilv.: HRN19011049/06.84.01

Efni: Svar við umsókn um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2018

Heilbrigðisráðuneytið vísar til umsóknar Hafnarfjarðarkaupstaðar um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2018. Sótt var um framlag til að breyta fjölbýlum í einbýli og til viðhalds og endurbóta.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 239.785.920 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 40% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins í tvíriti. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í útfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang velferðarráðuneytisins á [hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is).

Framlagið verður greitt út í þrennu lagi. Fyrsti hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent annað eintak samningsins til ráðuneytisins. Annar hluti þegar öll hönnunargögn fyrir verkið eru að fullu tilbúin og aðaltekningar samþykktar af byggingarfulltrúa. Síðasti hluti þegar byggingin er að fullu og öllu tilbúin að utan sem og að innan, lokaúttekt lokið athugasemdalaust og staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdin hafi verið í samræmi við umsókn eftirlitsaðila og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggi fyrir.

Svandís Svavarsdóttir  
heilbrigðisráðherra

Elsa B. Friðfinnsdóttir  
skrifstofustjóri